

Nr. 082 / 11 Smyrill AK 56**Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 6470
Smíðaður: Vestmannaeyjum 1983, plast
Stærð: 3,5 brl. 2,5 bt.
Mesta lengd: 6,35 m Skráð lengd: 6,02 m
Breidd: 2,25 m Dýpt: 1,38 m
Vél: Volvo Penta 77 kW 2000
Fjöldi skipverja: 1

Gögn:
Gögn RNS



Smyrill ©Alfons Finnsson

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 9. desember 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 20. júní 2011 var Smyrill AK 56 á veiðum um 6 sml. vestur af Akranesi. Veður: A 4-6 m/s

Báturinn var á veiðum vestur undir Akranessviði og þegar skipstjórinn ætlaði að ræsa vélina til að kippa á veiðislóðinni snerist startarinn ekki hvernig sem reynt var. Hann náði því ekki vélinni í gang og óskaði eftir aðstoð. Björgunarbáturinn Stefnir fór á staðinn og dró bátinn til hafnar á Akranesi.

Við rannsókn kom fram:

- að í landi tók eigandi startarann frá og í sundur. Þá kom þá í ljós að einhvern tímann hafði sjór eða raki komist inn í startarann og með tímanum orsakað bilun í „bendix“ hluta hans;
- að sögn skipstjóra var nægjanlegt rafmagn á báðum rafgeymasettum. Reynt var að skipta á milli þeirra eða tengja beint á tengingu startarans en það dugði ekki til.

Nefndarálit:

Orsök atviksins var bilun í startara.